

Nr. 19-102 S 065 Goðafoss***Skipverji slasast á höfði***

IMO.nr. 9086796
Útgerð: Eimskip ehf
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 14



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. júní 2019 var Goðafoss á siglingu í Norðursjó. Veður: A 15 m/sek.

Skipverji féll við í klefa sínum og fékk áverka á andlit. Haft var samband við lækni á bráðamóttöku Landsspítalans sem ráðlagði að hann yrði strax fluttur í land. Þyrla dönsku strandgæslunnar sótti skipverjann og flutti á sjúkrahús í Álaborg.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að koma af baðherberginu sem var inn af klefanum að nóttu til þegar hann kastaðist til á veltunni og lenti með andlitið á rúmstokknum;
- að fjórar tennur í neðri góm fóru í gegnum vörina og brotnuðu allar;
- að skipið var lítið lestað og var mjög stíft.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

